

SAMNINGUR UM BITASTRAUMSAÐGANG MILLI MÍLU OG VIÐSEMJANDA

Viðauki 7c

ADSL+ & SHDSL+ á Aðgangsléið 1

Almennt

Um er að ræða fyrirtækjatengingar frá notanda að næsta nettengipunkti (DSLAM). Flutningur á IP neti er ekki innifalinn í vörunni.

ADSL+ er vara sem hentar litlum og meðalstórum fyrirtækjum fyrir ýmiss konar gagnaflutning. Á hverri ADSL+ tengingu geta verið ein eða fleiri þjónustutengingar (VLAN). Þessi leið býður upp á að hafa einnig talsímaþjónustu (POTS/ISDN) yfir sömu símalínu.

SHDSL+ er vara sem hentar fyrirtækjum af flestum stærðum sem vilja fá samhverfan gagnaflutningshraða (þ.e. niðurhalshraði er jafn upphalshraða). Þessi leið býður ekki upp á að hafa talsímaþjónustu (POTS) þar sem samskiptastaðallinn notar bæði efra og neðra tíðnisviðið.

Endabúnaður og fyrsta stigs þjónusta (þjónusta við endanotanda) er á ábyrgð viðsemjanda.

Verð fyrir ADSL+ miðast við að neðra tíðnisvið heimtaugar sé einnig í leigu en gjald fyrir efra tíðnisvið heimtaugar er innifalið í leiguverði. Sé neðra tíðnisvið heimtaugar ekki í notkun greiðist sérstaklega fyrir það.

Viðsemjandi ber kostnað við nauðsynlegar lagnir innanhúss, s.s. uppsetningu á línudeili sem Míla gerir kröfu um að settur sé upp á öllum ADSL+ tengingum.

Tengingar geta ýmist verið frá sírstöðvum eða götuskápum. Sé um að ræða tengingu frá götuskáp er varaafli ekki til staðar.

Þjónusta fyrir ADSL+ er í boði á sömu staðföngum/heimilisföngum og hefðbundnar ADSL tengingar og lúta sömu takmörkunum og þær (sjá viðauka 4). Nálgast má upplýsingar um staðföngin á þjónustuvef Mílu og Míla.is eða hjá þjónustuborði Mílu. Varðandi möguleika á SHDSL+ tengingu þá þarf að nálgast þessar upplýsingar á heimasíðu Mílu eða hjá þjónustuborði Mílu.

Verð

Stofnverð hvernar tengingar er 3.166 kr. og mánaðarverð eru sem hér segir:

ADSL+

Hraði til notanda*	2 Mb/s	4 Mb/s	8 Mb/s	14 Mb/s
Hraði frá notanda*	1,0 Mb/s	1,5 Mb/s	2,5 Mb/s	2,5 Mb/s
Einingaverð kr./mánuð	2.416	2.868	3.440	3.550

SHDSL+

Hraði til notanda*	2 Mb/s	4 Mb/s	5 Mb/s	10 Mb/s	15 Mb/s	20 Mb/s
Hraði frá notanda*	2 Mb/s	4 Mb/s	5 Mb/s	10 Mb/s	15 Mb/s	20 Mb/s
Einingaverð kr./mánuð	3.978	6.134	6.272	9.651	11.590	14.510

- Enginn endabúnaður eða fyrsta stigs þjónusta er innifalin í þessum einingaverðum.
- Ávallt er við það miðað, að hraðinn sé allt að því, sem hér er tilgreint.
- Öll verð eru án virðisaukaskatts.
- Ofangreind verð fyrir ADSL+ miðast við að neðra tíðnisvið heimtaugarinnar sé einnig í leigu, en gjald fyrir efra tíðnisvið heimtauga er innifalið í einingaverðum fyrir ADSL+.
- Við SHDSL tengingar er miðað við nýtingu á bæði neðra og efra tíðnisviði heimtauga og er gjald fyrir bæði efra og neðra tíðnisviðið innifalið í einingaverðum fyrir SHDSL (sjá töflu í viðauka 4).
- ADSL+ tengingar eru settar upp með Annex M tækni, þar sem það er tæknilega mögulegt (sjá töflu í viðauka 4).